

23/ 1968

Gaðar Jónsson.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ.
=====

1967.
=====

Suðurlandsumdæmi.

1. Veðurfar ársins:

Þar sem ég hef ekki daglegar veðurmælingar, verður hér ekki mánaðarlegar veðurskýrslur, heldur aðeins tekið upp úr dagbók minni það sem ég hef skráð hjá mér um veðrið frá degi til dags.

Árið byrjaði með umhleypingasamri tíð, frost og stórrigningar á víxl. Um miðjan janúar varð úrkoma svo mikil, að segja má að allt Suðurlandsundirlendi hafi verið á kafi í vatni, enda stórrflóð í Ölfusá 16. janúar. Í febrúar og marz var aftur á móti töluverður snjór og frost nokkuð mikið. Fyrst í apríl gekk til sunnanáttar og upp úr því fór smám saman að hlýna og klaki í jörðu að minnka. Næturfrost voru af og til allan maímánuð, og síðasta næturfrost vorsins hef ég skráð hjá mér 11. júní + 2 gráður. Júnímánuður var þurr og heldur kaldur, en vinnuveður ágætt. Júlí og ágúst ágætis-veðrátta, fyrst í júlí ringdi nokkuð og upp úr því fór allur gróður að taka vel við sér. Haustið var úrkomusamt, vetur gekk snemma í garð og veðrátta mjög umhleypingasöm til áramóta.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs:

a. Laufgun og lauffall. Laufgun á birki settuðu úr Bæjarstaðaskógi tel ég að hafi verið um 12. júní. Laufgunin hafði tekið langan tíma og má það eflaust kenna næturfrostunum sem alltaf voru annað kastíð í vor. Lauffall mun hafa verið um 3. október.

b. Vöxtur. Vöxt tel ég í góðu meðallagi, þegar á heildina er litið. Í Þjórsárdal gerði ég mælingar á toppsprotum á nokkrum trjátegundum og mældi ársvöxt síðustu tveggja ára til að fá samanburð. Árangur af þessum mælingum varð eins og hér segir.

Sitkagreni (Cordova) gróðursett síðsumars árið 1960, 811 tré (32) í einni rás mæld, og rásin auðkennd til mælingar framvegis.

1967. mesti ársvöxtur 31. cm. en minnsti ársvöxtur 6. cm. meðal-ársvöxtur 14. cm. 1966. sömu tré, mesti ársvöxtur 23. cm. minnsti ársvöxtur 4. cm. meðalársvöxtur 11. cm.

Rauðgreni (N.-Helgel) gróðursett síðsumars 1960. 30 tré mæld. 1967. mesti ársvöxtur 20. cm. en minnsti ársvöxtur 4. cm. meðal-ársvöxtur 11. cm. 1966. sömu tré, mesti ársvöxtur 13. cm. minnsti ársvöxtur 2. cm. meðalársvöxtur 8. cm.

Rauðgreni gróðursett af Vigfúsi Jakobssyni (1947 eða) 1948. 25. tré mæld. 1967. mesti ársvöxtur 34. cm. minnsti ársvöxtur 14. cm. meðalársvöxtur 24, cm. 1966. mesti ársvöxtur 35. cm. minnsti-ársvöxtur 6. cm. meðalársvöxtur 14. cm. - Hæsta tré í þessari gróður-setningu er 5,70 m. og nokkuð mörg af svipaðri stærð.

Stafafura (Skagway) gróðursett 1959. sem 4/0 plöntur. 17 tré mæld. 1967. mesti ársvöxtur 13. cm. minnsti ársvöxtur 10. cm. meðal-ársvöxtur 13. cm. 1966. mesti ársvöxtur 20. cm. minnsti ársvöxtur 10. cm. meðalársvöxtur 14. cm.

c. Fræfall. Birkifræ var sáralítið hér á Suðurlandi í haust. Ferð var gerð austur að Kirkjubæjarklaustri 4. október, til að athuga með fræ á birkinu í brekkunum þar, en eins og undanfarin ár var þar bókstaflega ekkert fræ. Sömu sögu var að segja frá Skaftafelli í Öræfum, að sögn Ragnars Stefánssonar bónda þar.

d. Skaðar á trjám. Engir teljandi skaðar urðu á trjágróðri, nema nefna mætti snjóþælingu á smáplöntum í brekkunum undir Reykjafjalli í Ölfusi, En þær réttu sig furðanlega við í sumar.

Börn kveiktu í sínu í girðingu Skógræktarfélags Hvergerðinga undir Hamrinum, og brann þar og eiðilagðist birki og fura rúmlega meters há tré á um einni dagsláttu eða svo.

Maðkur og lús var svo að segja ekki teljandi í sumar.

3. Starfsfólk:

Starfsfólk á árinu.

	<u>maí</u>	<u>júní</u>	<u>júlí</u>	<u>ágúst</u>	<u>sept.</u>	<u>okt.</u>	<u>samt.</u>
<u>Karlar.</u>	8	11	10	8	1	1	39
<u>Konur.</u>	1	2	2	1			6
<u>Samt.</u>	9	13	12	9	1	1	45

Allar kaupgreiðslur til þessa fólks á árinu frá Skógrækt ríkisins urðu (sambærilgar tölur frá árinu 1966 innan sviga) Kr. 358.693,37 (372.062,00), þar af greitt í sparimerkjum Kr. 36.953,- (41.997,-). Á mánuði skiptast kaupgreiðslur þannig, maí Kr. 40.622,94 (19.005,87), júní Kr. 148.039,93 (110.704,54), júlí Kr. 103.520,69 (93.340,85), ágúst Kr. 41.052,97 (108.900,64), sept. Kr. 4.692,02 (40.110,22), og okt.-des. Kr. 10.684,82. Greiðslur féllu þannig til fólks eftir búsetu, til fólks búsettu í Árnessýslu Kr. 248.057,17 (151.818,-), í Reykjavík Kr. 73.800,50 (113.458,-) og í Rangárvalla-sýslu Kr. 26.755,64 (51.034,-). Samanlagður vinnustundafjöldi ársins varð 5317 kl. (5275), og matreiðsludagar 68 (71). Venjulegur vinnustundafjöldi á dag var 8 tímar í dagvinnu og 2 í eftirvinnu, eða 45 tímar í dagvinnu og 10 í eftirvinnu á viku.

Í sumar vann sami mannskapur bæði hjá Skógræktarfélagi Árnesinga og eins í umferðarvinnuflokki. Eingöngu var unnið að girðingavinnu, og var samanlagður kostnaður Kr. 233.277,50.

4. Girðingar:

a. Viðhald. 11. maí var byrjað að lagfæra girðinguna í Reykja-hjáleigu og var því lokið 22. maí. Eins og undanfarandi ár hafði girðingin skemmst í hlíðum Reykjafjalls vegna skafla sem á hana leggjast þar, við því er víst ekkert að gera, og verður maður að ganga út frá því sem gefnu, að þurfa að rétta hana við á þessum köflum á hverju ári. Vinnukostnaðurinn við girðinguna varð Kr. 12.675.

Í Þjórsárdal var farið til girðingaviðgerða 29. maí. Þá var reyndar búið að setja lausagirðingu í Þjórsá undir Bringum, en það var gert 4. maí. Viðgerðum var ekki lokið fyrir en 6. júlí. Girðingin var ekkert sérlega illa farin eftir veturinn, en gamlar girðingar þurfa alltaf mikið viðhald. Ég held að mestur hluti hennar verði 30 ára á næsta ári.. Klaki í jörð og snjófannir í giljum uppi á heiðunum töfðu framkvæmdir svo langt fram á sumar, eins og sjá má að ekki var viðgerðum lokið fyrir en 6. júlí. Veikasti kaflinn á girðingunni er frá Blakksdal, úr enda girðingarinnar er girt var sumarið 1963, og austur að Hvammsá, um 6. km. leið, hef þó ekki mælt lengdina nema á korti. Þarna er gömul afréttargirðing frá Flóa og Skeiðamönnum, 5 strengir gaddavír og lélegir tréstaugar, sem langt er á milli. Við þennan kafla var ekki hægt að gera svo að hann héldi, enda fór mikill fjöldi af fé inn í girðinguna einmitt á þessum stað. Oddviti Gnúpverjahrepps sem annast hefur smölun á girðingunni síðastliðin 2 ár, gat þess um leið og hann sendi reikninginn fyrir smöluninni, að hann treysti sér ekki til að sjá um smölun framvegis, nema að gagngerð viðgerð færi fram á girðingunni, og þá sérstaklega á kaflanum frá Blakksdal að Hvammsá. Alls var smalað út úr girðingunni 560 fjár í 4 smalamenskum í sumar, og kostnaður við það varð Kr. 24.380,-. Vinnukostnaður varð Kr. 68.215,-, og er það svipað og á síðasta ári, en betur má ef duga skal.

Á Þórsmörk var að þessu sinni farið til viðgerða á girðingunni 22. júní, og verið að til 20. júlí. Byrjað var á að laga vetrarskemmdir, sem að þessu sinni voru furðu litlar. Síðan var tekið til við að endurgirða kaflann frá Hamraskógarhliði og niður í Húsadal. Vegalengd um 3. km. Á þennan kafla var sett upp girðing 1944. Lítið var um vandað girðingarefni á þeim árum, og því notast við lélegan gaddavír og ketilrör sem staura, þetta efni gat aldrei

orðið til frambúðar, og var orðið svo lélegt að ómögulegt var að halda girðingunni við. Að þessu sinni var girt með góðu girðingar-efni, neti og galvaníseruðum járnstaurum, en hornstaurar teknir í skóginum, gildir birkistofnar, sem mikið er af í Hamraskógi. Á síðustu árum hefur Þórsmerkurgirðingin verið svo að segja öll endurnýuð, og vonast ég til að viðhald hennar verði kostnaðarminna á næstu árum, en verið hefur undanfarið. Þó er girðingarstöðið eða öllu heldur landslagi þannig háttað á Þórsmörk, að vatns og snjóskaðar geta orðið miklir á girðingunni ef þannig viðrar. Gönguhlið var sett á girðinguna í Húsadal, en læst keðja sett í aðalhlíðið, og ætlast til þess að bílar aki ekki inn á flötina. 10 október þegar farið var inneftir til að taka girðingar úr ánum, var búið að höggva í sundur lásinn.- Ekki var tiltakanlega margt fé í girðingunni í sumar, enda rákum við út öðru hvoru á meðan verið var að girða, og fylgdumst með rekstrum Eyfellinga meðan þeir ráku til afréttar. Vinnukostnaður við girðinguna varð nokkuð mikill eða Kr. 101.603,-.

Skarfanegirðing. Eins og undanfarandi ár sá Árni Arnason í Klofa á Landi um viðhald á girðingunni.

Ölversholtsgirðing. Smávegis viðgerð lét ég gera á girðingunni, sem varla er teljandi. Kostnaður Kr. 1762,-

Vinnukostnaður við allar girðingar í sumar varð Kr. 184.256,-.

5. Gróðursetning:

a. Yfirlit, undirbúningur, áætlun. Í Þjórsárdal var á árinu 1966 grisjaðir í Hvammsárdal 3. ha. sem ætlunin var að gróðursetja í vorið 1967. Við áætlunargerð á starfsmannafundi um veturinn var þó ekki gert ráð fyrir að gróðursetja í Þjórsárdal nema 10. þús. plöntur, eða sem svaraði í 2, ha. útkoman varð samt sú að gróðursettar voru 15. þús. plöntur í 3. ha. Allt var sett niður með bjúgskóflum, og ég held ég megi segja að gróðursetningin hafi tekist vel. Plönturnar voru allar frá Hallormsstað, fluttar lausar á bílpalli, beina leið. Plönturnar rótargóðar og í alla staði mjög fallegar, enda tóku þær vel við sér í sumar.

Í Reykjahjáleigu hafði verið gert ráð fyrir að gróðursetja 5. þús. stafafurur frá Tumastöðum og 10. þús. sitkagreni frá Hallormsstað, og var sá plöntufjöldi gróðursettur, en sitkagrenið var bæði frá Tumastöðum, Fossvogi og Hallormsstað, og var það vegna þess hve seint plönturnar frá Hallormsstað komust suður. Miklum hluta af þessum plöntum var plantað með haka, vegna þess hve grýtt landið er í brekkunum þarna.

Mjög mikill grasvöxtur er í Reykjahjáleigu, og nauðsynlegt að leggja pappaspjöld að plöntunum, lét ég búa til nokkur hundruð spjöld úr þakpappa, í haust, til að geta lagt að plöntum næsta sumar þarna, og vonast eftir góðum árangri.

b. Plöntunartími. Í Þjórsárdal hófst gróðursetningin 19. júní og lauk 6. júlí. Þetta er nokkuð seint, en það var sökum þess eins og áður segir, voru plönturnar fluttar á bíl beina leið frá Hallormsstað, og vegurinn yfir Möðrudalsöræfi varð ekki bílfær fyrir. Allt fór samt vel, og þegar plönturnar koma beint úr gróðrarstöðinni eru fljótar á leiðinni, verða ekki fyrir miklu hnjaski er allt í lagi. - 23. maí til 22. júní var gróðursett í Reykjahjáleigu. Í Ölversholti 9. júní.

c. Tafla yfir kvæmi, tegundir o.fl.

<u>Staður.</u>	<u>Tegund.</u>	<u>Kvæmi.</u>	<u>Aldur.</u>	<u>Fjöldi.</u>	<u>gr.st.</u>
Pjósárdalur	sitkagreni	Homer	3/3	15000	H.
Reykjahjáleiga	sitkagreni	Homer	2/3	2000	F.
" "	sitkagreni	Seward	3/4	3000	T.
" "	sitkagreni	Homer	3/3	5000	H.
" "	stafafura	Bark.v.	2/2	5000	T.
Ölversholt	rauðgreni	Rissa	2/3	200	T.
" "	sitkagreni	Seward	3/4	1000	T.
" "	stafafura	Bark.v.	2/2	800	T.
				15.000	
				2.000	
				<u>32000</u>	

Samtals. 32000

=====
Gróðursetning hjá Skógræktarfélagum.

Skógræktarf. Árn.

Snæfoksstaðir	rauðgreni	Rissa	2/3	6100	T.
" "	sitkagreni	Homer	3/3	3000	T.
" "	bergfura	Pyr.	2/3	2500	T.
Sandvíkurhr.	bergfura	Ht. Confl.	3/0	300	T.
" "	birki	Ísl.	3/0	500	F.
Rauðholt	birki	Ísl.	3/0	1000	F.
Hvergerðingar	birki	Ísl.	3/0	1000	F.
Gaulverjahn.	sitkagreni	Homer	3/3	100	T.
" "	stafafura	Bark.v.	2/2	50	T.
" "	birki	Ísl.	3/0	100	F.

Samtals. 14650

6. Hirðing:

a. Hreinsun grisjun. Í Þjórsárdal hefur á undanförunum árum verið gróðursett á stóru svæði í skóginn innan við Skriðufell. Höggnaar hafa verið brautir og gróðursett í þær. Nú er svo komið að rótarskot, sérstaklega gulvíðir, hafa vaxið svo mikið, að þau skaða og tefja fyrir vexti barrplantnanna sem þarna voru gróðursett. Á síðustu tveim árum hefur nokkuð verið gert í því að klippa frá plöntunum, en það sér varla högg á vatni svo ör er vöxturinn í rötarskotunum. Í sumar var tekin fyrir spilda inn í Selhöfðum, sem gróðursett var í árið 1960, en það var ekki stórt svæði sem komist var yfir, því aðeins var unnið fyrir Kr. 11.758,-. Vonast ég til að á næstu árum verði mögulegt að hreinsa til bæði í Þjórsárdal og annarstaðar, því það er full nauðsyn. Kostnaðar vegna verðum við að fara út í það að nota lyf við að útrýma þessu kjarri.

7. Vélar og verkfæri:

a. Mótórvélar. Á árinu var lögð niður eða seld gömul Dodge-Weebon bifreið árgerð 1942. Í hennar stað var keypt rússnesk jeppabifreið frambyggð M.A.Z. árgerð 1967, með dráttarkerru.

b. Önnur verkfæri. Sjá verkfæralista aftast.

8. Ymislegt:

a. Ferðafólk. Eins og undanfarandi sumur kom mikill fjöldi ferðafólks í skóglendi skógræktarinnar, til lengri og skemmri dvalar. Í Þjórsárdal var umgengni mjög góð, og þurftum við aldrei að hreina tjaldsvæðið þar, enda sjá menn frá Landleiðum, sem hafa áætlunarferðir þangað, mjög vel um tjaldsvæðið. Á Þórsmörk er aftur á móti ekki eins góð umgengni, þangað kemur að vísu mikið fleira fólk, en það er annað fólk. Þar er fullt eins góð aðstaða, hvað snertir salerni, sorpilát o.fl.

Þó verð ég að segja það, að snöktum var umgengnin í sumar betri heldur en hún hefur verið undanfarandi ár.

Um verslunarmannahelgina kom margt fólk, en þó var það um helmingið færri heldur en í fyrra. Seldur var aðgangur að staðnum á Kr. 150,- fyrir manninn. Hjálparveit skáta í Reykjavík sáu um skemmtanir á staðnum og hjálpaði okkur á allan hátt, var mikill léttir í því og vonast ég eftir að samkomulag verði á slíkri samvinnu framvegis. Seldir voru 1770 aðgöngumiðar, (í fyrra 3273) og fékk Hjálparveitin í sinn hlut Kr. 100,- af hverjum miða, en skógræktin Kr. 50,-. Alls fékk skógræktin Kr. 88.500,00, en kostnaður varð hjá skógræktinni af ferðafólki í sumar Kr. 75.426,-.

b. Fundarhöld og eftirlitsferðir. 7.- 11. marz sat ég fund skógræktarstjóra og skógarvarða í Reykjavík, þar sem rædd var og gerð fjárhags og starfsáætlun Skógræktar ríkisins fyrir árið 1967. Yfir sumarið margar ferðir í skóglendi Skógræktar ríkisins vegna eftirlits og framkvæmda þar. Einnig ferðir í girðingar skógræktarféлага, og þá sérstaklega Skógræktarfélags Árnesinga, vegna umferðarvinnuflokks sem í girðingum þess var að vinna, og eins voru miklar framkvæmdir á Snæfoksstöðum, en ég sá einnig um framkvæmdir þar.

3.- 4. október eftirlitsferð um V.- Skaftafellssýslu með skógræktarstjóra.

20.- 21. október á aðalfund Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var að Hlégarði í Mosfellssveit.

c. Umferðarvinnuflokkur. Á vegum Landgræðslusjóðs var starfræktur svokallaður umferðarflokkur í sumar. Í flokknum voru 3.-4. menn. Eingöngu var unnið að viðgerðum á girðingum í Árnessýslu núna. Þessar girðingar voru lagfærðar eða endurgirtar, Hamarsgirðing við Hveragerði, kostnaður Kr. 12.173, Vatnsleysugirðing í Biskups-

tungum, kostnaður Kr. 21.108,-, og Álfaskeiðsgirðing Hrunamanna-
hreppi, kostnaður Kr. 21.725,-, eða samtals í öllum girðingunum
Kr. 55.007,-. Umferðarflokkurinn hefur nú verið starfandi í þrjú
sumur. Unnið hefur verið á Vestfjörðum, V.- Skaftafellssýslu,
Rangárvallasýslu og nú síðast í Árnessýslu. Á öllum þeim stöðum
sem unnið hefur verið á, hefur þessi aðstoð verið mjög vel þegin,
og þegar liggja fyrir pantanir á flokknum víða að. Vonandi verður
þessari starfssemi haldið áfram.

Selfossi 31/12. 1967.



V E R K F E R A T A L N I N G.

=====

Hjá Garðari Jónssyni 1967.

Fjöldi.	Nöfn.
1.	Vörubifreið Thames Trader 1963.
1.	Jeppabifreið rússnesk M.-A.-Z. árg. 1967.
1.	Jarðýta T.- D. 6. gömul.
1.	Kjarrsög Jo.Bo.
2.	Axir.
1b.	Sniðlar.
9.	Bjúgskóflur.
6.	Plöntupokar.
5.	Plöntuhakar.
6.	Skógarklippur.
5.	Stunguskóflur.
2.	Malarskóflur.
2.	Járnkarlar.
2.	Sleggjur.
1.	Keðjustrekkjari (Girðingatalía)
2.	Handstrekkjarar.
3.	Hamrar.
4.	Naglbítar.
1.	Bogasög.
2.	Tjöld (gömul)
	Matar og eldunaráh.fyrir 10 manna flokk.

Selfossi 31/12. 1967.

Garðar Jónsson